

# Afreksstefna

## Íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar (ÍTG)

### 1. gr.

#### **Markmið**

Markmið með afreksstefnu íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar er:

- að bæta það umhverfi sem afreksíþróttir í Garðabæ búa við
- að skapa sem best skilyrði í Garðabæ til æfinga og keppni fyrir afreksfólk í íþróttum
- að efla samráð og samvinnu vegna afreksstarfs félaga í bænum
- að veita stuðning og ráðgjöf til þess að efla afreksíþróttir í Garðabæ
- að veita afreksíþróttamönnum styrki
- að skapa jákvæða fyrirmynd fyrir börn og unglunga í Garðabæ
- að stuðla að því að sem flestir stundi íþróttir og heilbrigðan lífsstíl
- að íþróttafólk úr Garðabæ verði í fremstu röð

### 2. gr.

#### **Skilgreiningar**

*Afreksmaður:* Afreksmaður í íþróttum er sá sem á landsvísu nær framúrskarandi árangri í íþróttagrein sinni og keppir um Íslands- eða bikarmeistararitla eða sambærilega titla.

### 3. gr.

#### **Framlag til afreksíþróttá**

Framlag Garðabæjar til afreksíþróttastarfs er þrjúþætt:

##### *3.1. Með uppbyggingu íþróttamannvirkja*

Garðabær skal eins og kostur er byggja upp íþróttamannvirki sem fullnægja kröfum um æfinga- og keppnistaðstöðu fyrir íþróttagreinar sem stundaðar eru í Garðabæ og skapa þannig aðstæður fyrir afreksmenn í íþróttum.

Garðabær gerir samning við íþróttafélög um framlög í formi endurgjaldslausra afnota þeirra af íþróttamannvirkjum sem Garðabær hefur tekið þátt í að byggja.

##### *3.2. Með stuðningi við afreksstarf með fjárframlögum til félaga*

Garðabær skal leitast við að gera samninga við íþróttafélög í bænum um stuðning bæjarins við starfsemina og skyldur íþróttafélaganna. Í slíkum samningum skal þess gætt að hluti framlags bæjarins renni til barna- og unglíngastarfs og jafnframt að hluti framlags renni til afreksstarfs.

##### *3.3. Með fjárstuðningi vegna góðra íþróttáafreka – Afreksstyrkir*

Íþróttafélög geta sótt um afreksstyrki til ÍTG vegna afreka í samræmi við 2. grein stefnu þessarar. Einungis íþróttagreinar sem viðurkenndar eru af ÍSÍ koma til greina við úthlutun styrkja.

#### **4. gr.**

##### ***Úthlutunarreglur afreksstyrkja***

Þeir aðilar, einstaklingar eða lið, sem til greina koma vegna afreksstyrkveitinga skv. gr. 3.3. eru:

- a. Þeir sem stunda einstaklingsíþróttir með íþróttafélagi í Garðabæ.
- b. Þeir sem eiga lögheimili í Garðabæ og stunda íþróttir með íþróttafélagi utan Garðabæjar, enda er viðkomandi íþróttagrein ekki stunduð í Garðabæ.

ÍTG getur einnig að eigin frumkvæði komið með tillögur til bæjarstjórnar um styrkveitingar, telji ráðið það eiga við.

Veittir styrkir eru hvatning til frekari framfara og til að mæta útlögðum kostnaði vegna þjálfunar og keppni.

Allir íþróttamenn sem þiggja styrk skulu hlíta þeim reglum sem Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands setur um lyfjanotkun og lyfjaeftirlit svo og þeim almennu siða- og agareglum sem gilda um framkomu íþróttamanna innan vallar sem utan. Viðkomandi íþróttamenn skulu jafnframt koma fram í skólum og hjá félögum í bænum sé þess óskað af hálfu ÍTG.

Úthlutað er úr afrekssjóði tvisvar á ári. ÍTG skal auglýsa eftir umsóknum frá íþróttafélögum tvisvar á ári, í janúar og í ágúst. Umsóknir um afreksstyrki skulu berast til íþrótt- og tómstundaráðs fyrir 1. febrúar fyrir fyrri úthlutun, en fyrir 1. september fyrir seinni úthlutun.

Umsóknir skulu berast á þar til gerðum eyðublöðum. Með öllum umsóknum skal leggja fram afreksstefnu viðkomandi félags.

#### **5. gr.**

##### ***Umsjón***

Íþrótt-, tómstunda- og forvarnafulltrúi Garðabæjar annast umsjón og fer með eftirlit með afreksstefnu ÍTG í umboði íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar.

#### **6. gr.**

##### ***Gildistími og endurskoðun***

Afreksstefna þessi var upphaflega samþykkt af íþrótt- og tómstundaráði Garðabæjar 14. febrúar 2003 og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar 6. mars 2003.

Afreksstefna þessi var endurskoðuð í október 2005 og í apríl 2023.

Afreksstefna þessi skal endurskoðuð fyrir 31. desember ár hvert.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar  
13. apríl 2023.*

*Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari*